

Mál nr. 13/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Þrengslavegi þann 26.10. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.02. 2008, ásamt fylgiskjölum
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.02. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

B var að dreifa salti á hægri vegkanti og beygði til vinstri til að snúa við en í þann sama mund var A ekið frammeð bifreiðinni. B var með gul blikkandi viðvörunarljós. Á vettvangi var hálfbrotin lína sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður B kveðst hafa verið með stefnumerki.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hefði mátt sýna meiri aðgát er hann hugðist taka U-beygju sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann reyndi framúrakstur á hálfbrotinni línu. B sé snjóruðningstæki með gul blikkandi ljós. Það vísar til þess að ökumaður hennar hafi ætlað að taka vinstri beygju og gefið stefnumerki.

M telur að B hafi verið ekið út í hægri kant til að hleypa umferð framhjá en hann hafi skyndilega beygt í veg fyrir A. Ökumaður A kveðst aldrei hafa farið yfir á vinstri akrein. Hann telur að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar, hann hafi ekki gefið stefnumerki “auk þess sem hann tekur U-beygju þarna”.

Í skýrslu lögreglu er m.a. haft eftir ökumanni A að hann hafi “ekki tekið eftir því hvort saltbifreiðin (B) hefði verið með stefnuljós”. Hann hafi skilið það svo að B væri að hleypa A framúr, bifreiðinni hafi hins vegar verið beygt í veg fyrir A.

Ökumaður B kveðst hafa verið að hreinsa hægri vegaöxl, hann hafi ætlað að beygja inn á afleggjara til að aka aftur upp á Suðurlandsveg og að hann hafi gefið stefnumerki.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B sem á undan fór. Ökumaðurinn hefði þurft að gæta aukinnar aðgæslu er hann hugðist aka frammeð og/eða framúr B. Í skýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni A að hann hafi “ekki tekið eftir því hvort saltbifreiðin (B) hefði verið með stefnuljós”. Hann hafi skilið það svo að B væri að hleypa A framúr, bifreiðinni hafi hins vegar verið beygt í veg fyrir A. Framanritað gefur til kynna að ökumaðurinn hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Mikilvægt hefði og verið fyrir A að gefa hljóðmerki en þessa gætti hann ekki.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.